

Útgáfubækur Setbergs 1980

AB — Það má vist segja að það verði eitthvað fyrir alla á útgáflista Setbergs nú í ár.

Í bókinni „99 ár“ eftir Gylfa Gröndal segir Jóhanna Egilsdóttir ævisögu sína. Þetta er hvort tveggja í senn: persónusaga vinnumanns og vinnukonu, sem komu fótgangandi til Reykjavíkur árið 1904 og byrjuðu að búa með tvær hendur tómar — og sagan af fyrstu baráttu verkalyðshreyfingarinnar.

„Jarlinn af Sigtúnum og fleira fólk“ er viðtalsbók eftir Guðmund Danielsson.

Fyrsta bókin í vísna- og ljóðasafni, sem Auðunn Bragi Sveinsson skólastjóri safnar og velur, kemur nú út. Heitir bókin „Í fjörum línum“, og hefur hún að geyma um 800 erindi stökunnar eftir u.þ.b. 150 höfunda hvarvetna af landinu.

Fyrr á árinu komu út tvær bækur, ný matreiðslubók sem heitir „Nú bókum við“ Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir húsmæðrakennari þýddi hana og staðfærði, og þá kom út í nýrri útgáfu „Fyrsta orðabókin mín“, bók í stóru broti og ríkulega myndskreytt, fyrir yngstu börnin. Freysteinn Gunnarsson skólastjóri annaðist útgáfu bókunnar.

Út kemur 12. bókin eftir Björn J. Blöndal og nefnist hún „Sagnir og sögur“.

„Barnið, vöxtur þess og þroski“ er handhæg bók með almennt fræðslu fyrir foreldra um vöxt, þroska og uppeldi barna. Þórir S. Guðbergsson félagsráðgjafi annast útgáfu bókunnar.

Tvær skáldsögur af léttara taginu koma út hjá forlaginu, „Astin vaknar“ eftir Anne Mather, og þýðandi er Guðrún Guðmundsdóttir, og bók eftir hinn vinsæla ameríska kvenrithöfund Danielle Steel, en hún nefnist „Sumarauki“ og er þýdd af Arngrími Thorlacius.

Þá hefur Simon Sigurjónsson barþjóinn í Naustinu annast útgáfu bókunnar „300 drykkir“, en þar er að finna hvers konar áfenga og óáfenga alþjóðlega og íslenska verðlaunadrykki.

Fyrsta bók Torfa Þorsteinssonar bónda í Haga, Höfn, Hornafirði, heitir „Töfrar liðins tíma“, og eru þetta 20 frásagnarþættir frá liðinni tíð í Austur-Skaftafellssýslu og næstu sýslum.

Ný matreiðslubók, sem kemur út seinni hluta októbermánaðar heitir „Alltaf eitthvað nýtt“, en Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir þýddi hana, breytti staðfærði og prófði réttina.

Nú kemur önnur bókin í flokki Nóbelshöfunda og er hún eftir Isaac Bashevis Singer. Sögusviðið er Pólland á fyrstu áratugum aldarinnar.

Þessa dagana sendir Setberg frá sér fyrstu 3 bækurnar í nýjum flokki teiknimyndasagna um Steina sterka, sterkasta strák í heimi. Bækur þessar eru eftir Peyo, og heita „Steini sterki og Bjóssi frændi“ (nr. 1), „Sirkusævintýrið“ (nr.2), og „Steini sterki vinnur 12 afrek“ (nr.3), en þýðandi bókanna er Vilborg Sigurðardóttir kennari.


Aðrar barna- og unglingsbækur eru „Húsið á sléttunni“ eftir Laura Ingalls Wilder, þýdd af Herborgu Friðjónsdóttur, „Ég vil eignast barnið“ norsk unglinga-

bók í þýðingu Vilborgar Sigurðardóttur og ný útgáfa bókunnar „Svona erum við“ í þýðingu Örnólfs Thorlacius.

Að lokum má nefna það að á þessu hausti mun Setberg gefa út 14 smábækur fyrir yngstu börnin. 5 titlar eru um Mikka mús, Andrés Ónd og þá féлага, aðrir fimm um drenginn Mógli og síðustu fjórir eru þekkt Grimmsævintýri: „Óskubuska“, „Stigvélakötturinn“, „Rauðhetta“ og „Hans og Gréta“.



Hjónin Brynhildur H. Jóhannsdóttir og Albert Guðmundsson alþingismaður hafa gefið listasafni Reykjavíkurborgar að Kjarvalsstöðum verk eftir Gerði Helgadóttur, unnið úr steindu gleri og steypu frá árinu 1953.



Hefur þú gert þér grein fyrir því...

að verð vöru sem liggur á lager í verslun verður fljótt „gamalt verð“. Þegar varan síðan selst á gamla verðinu og endurnýja þarf lagerinn er nýja varan dýrari í innkaupi. Þannig fæst aðeins hluti nýrrar vöru fyrir andvirði þeirrar eldri. Smátt og smátt tæmist slíkur lager.

Ef við viljum þjónustu og vöruúrval í versluninni verða að gilda sömu lögmál þar og annarsstaðar í þjóðfélaginu.

Raunvirði vöru er sjálfsagt, líka í versluninni.

Búum betur að versluninni. Það er okkar hagar.

Hafa skal það er sannara reynist

Í frétt varðandi vinnugalla sem komið hafa fram í lögn Hitaveitu Borgarness, var sagt að tveir aðalverktakar að verkinu hafi verið Borgarverk h.f. og Miðfell hf. Bláðinu hefur nú borist vitneskja um að heimildarmanni hafi orðið nokkuð á i messunni. Það var Veltækni h.f. er var annar aðalverktaka Hitaveitunnar, en Miðfell hefur þar vist hvergi nærri komið.

